



*Framkvæmdafréttir óska
lesendum sínum gleðilegs sumars*



Nýr Landspítali staða framkvæmda og fréttir af verkefninu

- Aðalfundur Nýs Landspítala ohf. 2024
- Staða byggingaverkefna í upphafi maímánaðar
- Útboð vegna uppsteypu á húsi
Heilbrigðisvíndasviðs Háskóla Íslands
- Opnun tilboða vegna þakvirkis meðferðarkjarna
- Nemendur í arkitektúr frá Listaháskóla Íslands
í heimsókn

Aðalfundur Nýs Landspítala ohf. 2024




Sigurður H. Helgason í stjórn NLSH, Dagný Brynjólfssdóttir í stjórn NLSH, Gunnar Svavarsson framkvæmdastjóri og Finnur Árnason, formaður stjórnar NLSH

Aðalfundur Nýs Landspítala ohf, var haldinn 19. apríl. Lögð var fram skýrsla stjórnar um störf félagsins á árinu 2023 og endurskoðaðir ársreikningar fyrir árið 2023. Ársreikningarnir voru samþykktir.

Í stjórn voru kosin Dagný Brynjólfssdóttir, Finnur Árnason og Sigurður H. Helgason sem aðalmenn. Varamenn voru kosin Guðmann Ólafsson, Steinunn Sigvaldadóttir og Guðrún Birna Finnsdóttir.

Á fyrsta stjórnarfundi, sem haldinn var strax eftir aðalfundinn, var Finnur Árnason endurkjörinn stjórnarformaður félagsins. Þá var starfskjarastefna félagsins staðfest að nýju.

Staða byggingaverkefna í upphafi maímánaðar



Áætlað er að það séu settar upp allt að 30 – 40 einingar daglega af veggjاكlæðningunni við góðar aðstæður

Meðferðarkjarni

Í byrjun sumars, þegar lokið hefur verið við uppsteypuna, eru fjölmargir verkþættir í gangi og fleiri í burðarliðnum.

„Uppsetning útveggjakerfis á stöng nr. 1 er vel á veg komin, sérstaklega á norðurhlið hússins þar sem verulegur hluti er þegar klæddur. Góður gangur er einnig í uppsetningu þakkanta í stöng 1. Unnið er að uppsetningu vinnulagna í húsinu og búið að setja upp lagnir í kjallara. Í stöngum 1 og 2 er undirbúnингur byrjaður vegna ílagna og málningarvinnu í kjallara. Þakfrágangur fer senn í gang, en hann byrjar í stöng 1 og færist til austurs á eftir uppsetningu útveggjaeininga og þakkanta,“ segir Árni Kristjánsson staðarverkfræðingur NLSH.


Fjölgun hefur orðið á þeim fjölda starfsmanna sem eru á vegum litháísku útveggjaframleiðandans Staticus og uppsetning á útveggjaeiningum á stöng 1 er á lokametrunum. Að því loknu tekur við vinna á fjórðu hæð stangar 1 sem er hefðbundnari gluggafrágangur. Einnig er hafin undirbúningsvinna á stöng 2 og 3 og búið er að setja upp nokkrar einingar á norðurhlið þar sem steinklæðning er farin að sjást. Áætlað er að um það bil 1/5 af uppsetningu á einingum sé lokið þó að enn sé eftir nokkur vinna við lokafrágang uppsettra eininga. Gert er ráð fyrir að uppsetningu eininga á stöng 2 verði lokið á næstu fjórum til sex vikum og áætlað að allt að 30 – 40 einingar séu settar upp daglega miðað við góðar aðstæður á verkstað.



Vinna við rannsóknahús gengur vel og er á áætlun

Rannsóknahúsið

Vinna við undirstöður er í góðum gangi og á áætlun. Verktaki hefur unnið við að hreinsa klöpp og steypa ásteypulag undir undirstöður sem er að mestu komið. Framkvæmdin er nú komið í fullan gang og verktaki mun á næstunni miða að því að klára undirstöður mannvirkisins, í maí má því gera ráð fyrir að vinna við fyrstu veggina og súlur fari af stað samhliða vinnu við undirstöður.



Verið er að steypa efstu pallana í bílastæða- og tæknihúsinu

Bílastæða- og tæknihús


Nú er verið að steypa efstu pallana í bílastæðahluta hússins. Uppsteypu lýkur í summar. Verktaki hefur hafið vinnu við frágang innanhúss og unnið er við lagnagang yfir í rannsóknahús. Stefnt er að því að taka bílastæðahluta hússins í notkun í byrjun næsta árs.



Útboð vegna uppsteypu á nýbyggingu við Grensásdeild verða opnuð fíjótlega

Grensásdeild Landspítala

Búið er að leggja nýjar heimæðar að núverandi byggingu, fyrir fráveitu, heitt og kalt vatn og jarðvinnu lýkur í byrjun maí. Útboð á uppsteypu og frágangi viðbyggingarinnar hefur verið auglýst. Um er að ræða nýbyggingu um 4.400 m² aðstöðu fyrir sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun með tengingum við núverandi byggingar. Dagsetningar á opnun tilboða eru auglýstar á: <https://www.nlsh.is/utbod/>



Vel hefur gengið í framkvæmdum við bílakjallara

Bílakjallari undir Sóleyjartorgi

Vinna við bílakjallara undir Sóleyjartorgi er á áætlun. Unnið við að fylla að sökkum og þetta þá samhliða. Vinna við þakplötu heldur áfram og verður annar hluti hennar steyptur í lok apríl ásamt því að klára veggi og súlur undir þakplötu. Í byrjun maí er áætlað að þG-verk klári þakplötu bílakjallara. Í framhaldi af því hefst vinna við uppsteypu tengiganga sem liggja frá meðferðarkjarna og eftir norðurhlíð bílakjallara. Samhliða verður unnið að fyllingum, lagnavinna kláruð og annar frágangur.

Útboð vegna uppsteypu á húsi Heilbrigðisvíssindasviðs Háskóla Íslands



Jarðvinnu við hús Heilbrigðisvíssindavíðs HÍ er lokið

Auglýst hefur verið eftir tilboðum í uppsteypu og fullnaðarfrágang á ytra byrði á húsi Heilbrigðisvíssindasviðs Háskóla Íslands. Heildarstærð nýs húss, Læknagarðs og viðbyggingar, verður um 17.970 m².

Nánar á útboðsvef:

<https://www.nlsh.is/utbod/>

Opnun tilboða vegna þakvirkis meðferðarkjarna



Ístak hf var með lægsta tilboðið í þakvirkri meðferðarkjarna

Opnuð hafa verið tilboð í þakvirki meðferðarkjarna.

Tilboð bárust frá (heildartilboðsverð án vsk):

Eykt 1.695.289.450,-

Ístak hf 1.173.039.280,-

Kostnaðaráætlun verkefnisins er 1.116.000.000,- án vsk.

Nemendur í arkitektúr frá Listaháskóla Íslands í heimsókn




Það voru ánægðir fyrsta árs nemarnir í arkitektúr sem heimsóttu framkvæmdasvæðið í blíðunni

Nemendur við arkitektúr við Listaháskóla Íslands hafa á undanförnum árum komið í heimsókn og fengið kynningu á verkefnum NLSH og kynnt sér stöðu framkvæmda. Að bessu sinni viðraði vel þegar hópurinn kom þann 22. apríl.

Sigríður Sigurðardóttir, sviðsstjóri hönnunarsviðs, kynnti helstu verkefni félagsins með áherslu á hönnun og að kynningu lokinni var gengið um framkvæmdasvæðið í fylgd Árna Kristjánssonar staðarverkfraeðings.

Skýringarmynd

Yfirlitsmynd af svæðinu sem sýnir framkvæmdasvæði nýs Landspítala og gönguleiðir



Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjöldum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:

Ásbjörn Jónsson sviðsstjóri framkvæmdasviðs NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is

Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Andri Ólafsson 863 8595 andriol@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is